

Erindisbréf

Stýrihóps um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 16. febrúar 2006

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir bæjarstjórn.

Nefndin starfar á **almennu sviði**, sem er undir stjórn **bæjarstjóra**. Eftirfarandi stofnanir starfa á verksviði nefndarinnar: Grunnskólinn í Stykkishólmi, Tónlistarskóli Stykkishólms, Félagsmiðstöðin X-ið, Amtsbókasafn Stykkishólmsbæjar og Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga.

Skipan nefndarinnar

Í stýrihópnum eiga sæti **þrjú fulltrúar**, sem bæjarstjórn kýs skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, og samþykkta um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar. Auk kjörinna fulltrúa eiga **bæjarstjóri og skólastjórar grunnskóla og tónlistarskóla** rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndin kýs formann, og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Vísað er í kafla 6 í skýrslu stefnumörkunar í húsnæðismálum Grunnskólans í Stykkishólmi og Tónlistarskóla Stykkishólms í nóvember 2005.

- Grunnskóli Stykkishólms verði í einu og sama húsnæðinu með sína starfsemi og að Tónlistarskóli verði í samtengdu húsnæði. Húsnæði verði byggt upp á skólasvæðinu við Borgarbraut.
- Samin verði skólastefna sem taki mið af nýrri tækni og nýjum tímum.
- Við hönnun húsnæðis verði horft til sveigjanleika og breytilegrar skólastefnu.
- Kannaðir verði möguleikar á samþættingu t.d. heilsdagsskóla (frístundaskóla), félagsmiðstöðvar, bæjarbókasafns og sérhæfðrar starfsemi s.s. Svæðisskrifstofu fatlaðra, í húsnæði Grunn- og Tónlistarskóla.

- Sjá skipulag vinnuhóps í kafla 7.2 í skýrslu stefnumörkunar í húsnæðismálum Grunnskólans í Stykkishólmi og Tónlistarskóla Stykkishólms í nóvember 2005.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Stýrihópurinn kemur saman fyrir **luktum dyrum**.

Stýrihópurinn skal halda **gerðarbók**. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina** upp og allir viðstaddir **undirrita hana**. Fundargerðum kemur formaður stýrihóps til ritara bæjarstjóra sem hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Ritari sendir fundarmönnum afrit af fundargerð stýrihópsins ásamt afgreiðslu bæjarstjórnar.

Formaður stýrihóps sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg eða rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent fulltrúum í stýrihópnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **sólarhring fyrir fund**.

Formaður stýrihópsins stýrir fundum hans skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti stýrihópsins er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður stýrihópsins og aðrir fulltrúar hans skulu **snúa sér til bæjarstjóra** með eftirfylgni staðfesta samþykka stýrihópsins.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði **sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar eftir atvikum**.

Nefndarmanni er skylt að **sækja fundi** nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann stýrihópsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að **koma máli á dagskrá fundar**, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns eða ritara bæjarstjóra a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu **hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi** við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og *samþykktum um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar* í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir **þagnarskyldu** vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að eigi leynt að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal **víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan**, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti afstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim *lögum og reglugerðum*, sem undir starfssvið hennar heyrir og gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar*.